



Reykjavík, 31. október 2024

FAS24100044

1210

Borgarráð

Tillaga um gjalddaga fasteignaskatta og lóðarleigu 2025

Lagt er til að gjalldagaskipting fasteignagjalda fyrir árið 2025 verði eftirfarandi:

Greiðendur fasteignagjalda skulu gera skil á fasteignagjöldum ársins 2025 með 11 jöfnum greiðslum á eftirfarandi gjalddögum:

1. febrúar, 2. mars, 2. apríl, 3. maí, 1. júní, 2. júlí, 2. ágúst, 1. september, 4. október,
1. nóvember og 3. desember

Þá er lagt til að nemi álagning fasteignagjalda 25.000 kr. eða lægri fjárhæð á fastanúmer greiði gjaldendur þau með einum gjalddaga þann 1. febrúar.

Lagt er til að gjalddagar krafna vegna framkvæmdar afsláttar til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi verði 1. nóvember og 3. desember árið 2025 og 3. janúar 2026.

Lagt er til að þeir sem eiga inneignir fái þær greiddar út 7. nóvember 2025.

Greinargerð:

Sveitarstjórn ákveður fjölda gjalddaga fasteignaskatts skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Þar segir einnig að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða að skatturinn greiðist allur á einum gjalddaga ef álagning er undir tiltekinni fjárhæð. Skv. 5. mgr. sömu greinar er eindagi fasteignaskatts 30 dögum eftir gjalddaga. Tillagan er í samræmi við gjalldagaskipan á árinu 2024.

Einar Þorsteinsson



Reykjavík